

Gjaldskrá

fyrir akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ

1. gr.

Upphæð gjalds

Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu eldri borgara er eins og eitt og hálft almennt strætisvagnafargjald eins og það er hverju sinni. Ferð er skilgreind í gjaldskrá þessari sem akstur á milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

Gjald fyrir akstur í sérhæfða dagdvöl aldraðra utan bæjarfélagsins, ef fullreynt er að viðkomandi kemst ekki sambærilega dagdvöl í sveitarfélaginu, er gjald fyrir hverja ferð eitt almennt strætisvagnafargjald.

2. gr.

Fylgdarmaður/gestur

Sé þörf fyrir fylgdarmann með ferðaþjónustu Strætó bs. er ekki innheimt gjald fyrir hann. Sé um að ræða gest sem nýtir þjónustuna innheimtir akstursaðili sama gjald fyrir hann og þann sem þjónustunnar nýtur. Gildir ekki í ferðir ef akstur er með leigubíl.

3. gr.

Gjaldskylda ónýttrar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningartilvikum þremur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

4. gr.

Innheimta gjalds

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

5. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 4. desember 2025 tekur gildi frá og með 1. janúar 2026.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

4. desember 2025

Lúðvík Örn Steinarsson,

sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs